
ÞORVALDSSTAÐIR VIÐ HÚSAVÍK:

DEILISKRÁNING VEGNA RÁÐAGERÐA UM UPPBYGGINGU GOLFVALLAR



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS751-19171



Á ljósmynd á forsiðu er horft yfir hluta deiliskipulagsvæðis og suðurluta túna Þorvaldsstaða. Til hægri við miðja mynd sjást fjárbús SP-317:005 sem eru vestan úttektarreits.

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2019
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	6
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	11
4. FORNLEIFASKRÁ	13
5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHETTI	29
<i>Stiklað á stóru um sögu Þorvaldsstaða</i>	<i>29</i>
<i>Landsbattir á úttekarsvæði</i>	<i>29</i>
6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITS	31
HEIMILDASKRÁ	33

Viðauki

Hnitaskrá fornleifa á ISN formati

Mínjakort

Samantekt

Uppi eru hugmyndir um frekari uppbyggingu golfvallar við Húsavík sem m.a. er fólgin í lagningu vega, gerð bílastæða og byggingu golfskála. Af þessum sökum er nú unnið að nýju deiliskipulagi á golfvallarsvæðinu. Deiliskipulagsreiturinn er um 3 ha stór. Hann er innan marka gamla lögbýlisins Þorvaldsstaða og nær að mestu yfir móa og holt, sem nú eru gróin lúpínu, víði og trjágróðri, en nær þó að hluta inn í austurjaðar heimatúnanna á Þorvaldsstöðum.

Alls voru skráðar sjö minjastaðir (11 minjaeiningar) innan eða í jaðri svæðisins og vitað er um átta minjar til viðbótar skammt frá. Flestar af minjunum voru óþekktar áður en skráningin var gerð og ekki er vitað hvaða hlutverki margar þeirra gegndu. Allir þeir staðir sem skráðir voru innan deiliskipulagsmarka töldust í stórhættu vegna yfirvofandi framkvæmda en aðrir staðir í nágrenninu töldust aðeins í almennri hættu vegna hugsanlegra framkvæmda á svæðinu í framtíðinni.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, golfvöllur, Húsavík, Þorvaldsstaðir

Summary

This report presents the results of a detailed survey carried out on ca 3 ha plot Þorvaldsstaðir just southwest of the town of Húsavík, NE Iceland. The work was done in advance of the development of the area as a part of a golf course in the proximity. The plot reaches in to the eastern edge of the home field of Þorvaldsstaðir but mostly covers low hills that used to be largely barren but are now partly grown by birch and lupine.


Within the plot that was subject to detailed survey seven sites were surveyed and close by, but outside the area another eight sites are known.

Keywords

Archaeology, detailed survey, golf course development, Þorvaldsstaðir, Húsavík

1. Inngangur

Snemma sumars 2019 hafði Gaukur Hjartarson skipulags- og byggingafulltrúi Norðurþings samband við Fornleifastofnun Íslands og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu á fornleifum á um 3 ha deiliskipulagsreit skammt SSV við Húsavík. Deiliskipulagsreiturinn er í því landi sem áður tilheyrði Þorvaldsstöðum en hefur um langt skeið tilheyrt Húsavíkurbæ. Á þessu svæði hófst uppbygging golfvallar Húsvíkinga, Katlavallar, árið 1967 og nú stendur til að bæta aðstöðu vallarins með byggingu golfskála og fjölgun bílastæða nokkru neðan við núverandi golfskála. Reiturinn sem tekinn var út sumarið 2019 nær frá austurjaðri heimatúns Þorvaldsstaða og yfir nærliggjandi móa og holt. Áður en deiliskráning hófst sumarið 2019 lá fyrir aðalskráning fornleifa í landi Þorvaldsstaða frá 2001 og af henni var ljóst að talsvert af minjum væri í vesturjaðri svæðisins. Ekki voru þó þekktar minjar innan deiliskipulagsreits þegar skráningin hófst.¹



Úttektarsvæðið merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur kortinu. Grunnkort Gísli Pálsson

¹ Elin Ósk Hreiðarsdóttir. 2002.

Skráningin var unnin í júlímánuði og um hana, alla úrvinnslu og skýrsluskrif sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og tók hún allar ljósmyndir sem birtast í skýrslunni nema að annað sé tekið fram. Þegar svæðið var skoðað var það á kafi í mjög háum gróðri sem gerði yfirsýn yfir reitinn og minjar erfiðari en ella. Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Í tengslum við skráninguna var leitað upplýsinga hjá Gauki Hjartarsyni sem aðstoðaði skrásetjara eftir föngum og leitaði einnig frekari upplýsinga hjá öðrum staðkunnugum og fær hann bestu þakkir fyrir aðstoðina.



Mörk deiliskipulagsreits og helstu minjar innan þess og í nánasta nágrenni. Loftmynd frá Loftmyndir ehf

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna innan deiliskipulagsmarka. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskipulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bærarstaði og bærarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verzlunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slíppir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-317:001). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits eru allar innan marka lögbýlisins Þorvaldsstaða eins og þau voru um miðja 19. öld. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir mældir upp. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis (og í minna en 15 m fjarlægð frá mörkunum) í „stórhættu vegna framkvæmda“ en aðrar minjar utan svæðis í almennri hættu vegna mögulegra framkvæmda utan reits. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki

fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johanssens	Númer fornleifar á níttekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landsnitakerfi ISN93
Sýslutáki	SF 175 009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323

Sveinshlaða 009, horfi til norðurs

Ljósmynd af minjastað og uppstilling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stoðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru birtar upplýsingar um allar þekktar minjar í landi Þorvaldsstaða en þær minjar sem eru utan úttektarsvæðis eru auðkenndar með ljósgráu lettri og ekki birt myndefni af þeim stöðum né fjallað sérstaklega um þær í samantekt skýrslu heldur aðeins þá staði sem eru innan eða við jaðar deiliskipulagsreits.

4. Fornleifaskrá

SP-317 Þorvaldstaðir

1461: „Kirkia j husavik er helgud med gudi hinum heilagra magnuse. Hun a allt heimaland oc þorualldzstaðer.“ DI V, 273.

1712: Jarðardýrleiki kemur ekki fram. Eyðihjáleiga frá Húsavík. JÁM XI, 257. Árið 1805 er jörðin talin 5 hdr. að dýrleika. JJ, 331. Þorvaldsstaðir fóru í eyði um 1940. SH I, 82

"Útigangur í betra lagi og bregst sjaldan í meðalárum...Skógur til kolagiörðar er að kalla eyddur fyrir feyskju...Torfstúnga bjargleg, rista lök og laus...Rekavon í betra lagi...Túninu spillir nokkuð lítið bæjarlækurinn með grjótsáburði. Engjar öngvar, fyrir utan hvað slá má á einni lág upp frá túninu fyrir fáeina hesta. Úthagar eru bjarglegir, ef þeir beittist ekki af hjeraðsmönnum sem sækja Húsavíkur kaupstað, hvörjir eð halda hjer til í landinu margar nætur fjölda fjár og hesta, hvar af staðarhaldarinn líður stóran skaða og hagabrest fyrir sitt kvikfje vetur og sumar." JÁM XI, 256.

SP-317:001 *Þorvaldstaðir* bæjarhóll býli

575396 616079

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Bygð fyrir manna minni í úthögum í suðvestur frá Skógargerði, og varaði bygðin inn til næstu 15 ára [fór í eyði um 1695]..Aftur má her byggja, ef fólk til fengist," Í



Tún og bæjarhóll á Þorvaldsstöðum SP-317:001, horft til NNA

Lýsingu Þingeyjarsýslna segir enn fremur: "Þar var snemma byggð, en fór í eyði fyrir 1700 og byggðist þó aftur á 18.

öld...og eru þar nú öll bæjarhús fallin, en fjárhúsi haldið við [þ.e. um

1950]."
 Þorvaldsstaðir voru býli suður frá Húsavík, fór í eyði 1936. Það stóð

norðanvert við Þorvaldsstaðaá," segir í örnefnaskrá. "Vorur í byggð fram um 1940...Bærinn á


Þorvaldsstöðum er alveg horfinn," segir í Sögu Húsavíkur I. Þorvaldsstaðir voru fast norðan við

Þorvaldsstaðaá. Bærinn var 500 m ofan við þjóðveg.

þjóðveg.

Tún Þorvaldsstaða skera sig úr umhverfinu en víða umhverfis er alaskalúpína farin að dreifa sér og golfvöllur er umhverfis heimatúnið. Tún Þorvaldsstaða eru á kafi í gróðri en þó má sjá hvar bærinn hefur staðið, sérlega þegar gróður er ekki í fullum vexti. Bæjarhóllinn er sléttaður. Dældir eru í hann þar sem bærinn var.

Hæsta svæðið í túninu á Þorvaldsstaðir er hæð sem án efa er að hluta til náttúruleg en að hluta til uppsöfnuð mannvistarlæg. Erfitt er að skilgreina mörk hins eiginlega bæjarhóls en séu þau skilgreitt vilt þá má segja að hóllinn sé 150 x 100 m stór. Um vetur og vor má þar sjá ummerki um bæjartóft sem hefur verið sléttuð í hóllinn (skráð undir 001) og á hólnum eru einnig tóftir stórra fjárhúsa úr torfi og grjóti sem notuð voru eitthvað eftir að bærinn fór í eyði (sjá 005). Þústin sem sést þar sem síðasti bærinn stóð er um 27 X 24 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hægt er að greina fjögur óljós hól en þó hefur verið sléttað yfir rústirnar. Segja má að sé miðað við stærstu mörk



Mörk bæjarhólsins á Þorvaldsstöðum og minjar á honum. Gul lína til hægri á mynd markar deiliskipulagsreit sem er þar lengra til austurs.

bæjarhólsins nái suðausturhluti hann rétt inn fyrir vesturmörk deiliskráningarreits sem tekinn var út á svæðinu 2019. **Þúst bæjarins 001 og fjárhústóftin 005 á hólnum eru þó báðar meira en 25 m vestan við mörk úttektaarreits og voru því ekki skráðar aftur í tengslum við deiliskráningu 2019.** Þegar svæðið var skráð síðla í júlí 2019 var það á kafi í grasi og stráum (sem voru meira en 1 m hæð). Því voru allar minjar ógreinilegrar en ella.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:JÁM XI, 257; Ö-Húsavík og Bakkaland, 2; SH I, 82, 84; LB I, 359

SP-317:002 heimild um mógrafir 575866 615496

"Hádegislág er lítil lág, sem liggur í suður, austast í Þorvaldsstaðakatla austur af golfskálunum. Í henni sér móta fyrir gömlum svarðargröfum," segir í örnefnaskrá. Hádegislág snýr norður-suður og er um 400 m ofan við golfskálann. Láginni hallar til norðurs í átt að dal sem þarna liggur norður-suður. Láginn virðist grasi gróinn. Í henni er skógrækt en erfitt er að greina umhverfi þar sem það var á kafi í snjó. Ekki eru greinanlegar svarðargrafir á þessum slóðum nú. **Hádegislág er langt utan við það svæði sem deiliskráð var við golfvöll 2019 og því ekki skoðað aftur þá.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Húsavík og Bakkaland, 2

SP-317:003 heimild um sundlaug 575612 616639

"Mundlaugarlág var grasi gróin lág rétt norðan við Langholtið...Þjóðvegurinn liggur yfir hana. Austan vegar, norðan Þorvaldsstaðaár, er Litlamýri. Frá henni og upp með ánni að Þorvaldsstöðum eru Þorvaldsstaðakinnungar. Milli þeirra og Mundlaugarlágur var Langholtið, er náði niður á sjávarbakka...Í suður frá láginni, austan við Þverholt, opnast allvíð lág suður til Þorvaldsstaða og heitir Breiðalág. Nyrzt í henni var sundpollur," segir í örnefnaskrá. Breiðalág er svæði sem afmarkast af nokkrum hólum neðan við götuna Breiðagerði. Láginn er nú grasi gróinn. Sunnarlega í henni er nú (2001) fótboltavöllur barna. Láginn nær norður að Þverholti og var hnit tekið við veginn. Sundpollur er ekki lengur greinilegur á þessum slóðum. Þegar deiliskipulag sunnan við Þorvaldsstaði var skráð 2019 var talsverður hluti Breiðulágar horfinn í rask vegna íbúðahúsabyggingar. **Svæðið er vel utan deiliskráningarreits og var því ekki skoðað sérstaklega aftur vegna skráningar 2019.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Húsavík og Bakkaland, 2-3

SP-317:004 Aksturslág heimild um leið 574786 615674

"Norðan við Svarthamar rennur smálækur í sjó fram. Sunnan hans í fjöru er Sandsteinanef. Heitir lækurinn Haukamýrarlækur...Norðan og austan við lækinn er Haukamýrin. Næst ofan við hana er Haukamýrarás. Liggur þjóðvegurinn eftir honum...Meðfram Haukamýrarás norður að Aksturslág heitir Sandabrot. Aksturslág liggur frá Þorvaldsstaðaá við veginn til suðurs austan undir Haukamýrarás, og í framhaldi af henni taka við tvær lágur, sem heita Króklágar, Austari-og Vestari-og þær aðskildar með Króklágarholti," segir í örnefnaskrá. Litlar minjar sjást nú um eldri veginn. Hann var á stórum köflum á sama stað og þjóðvegurinn er nú. Lyngivaxnir móar. Svæðið er vel utan deiliskráningarreits sem skráður var sunnan Þorvaldsstaða 2019 og var því ekki skoðað sérstaklega aftur 2019. "Um Aksturslág og Vestari-Króklág og fram hjá Gvendarsteini lá gamli vegurinn og akstursleiðin að vetri til," segir í örnefnaskrá. "Þar var sleðaleið á vetrum," segir í örnefnaskrá NN. **Svæðið er langt utan þess deiliskipulagsreits sem kannaður var sumarið 2019 og var því ekki skoðað aftur þá.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Húsavík og Bakkaland, 1; Ö-Húsavík og Bakkaland NN, I

SB-317:005 tóft fjárhús

575419 616100

Greinilegar fjárhústóftir eru enn á bæjarhól Þorvaldsstaða 10 m NNA við bæjarpúst 001.

Tún Þorvaldsstaða sker sig úr umhverfinu en víða umhverfis er alaskalúpína farin að dreifa sér og golfvöllur bæjarins er umhverfis heimatúnið. Tún Þorvaldsstaða er á kafi í gróðri en má þó sjá greinilega hvar bærinn hefur staðið, sérlega þegar gróður er ekki í fullum vexti. Bæjarhóllinn er sléttadur.

Tóftin er 12 X 19 m að stærð og snýr norður-suður. Gengið er inn í hana norðarlega á austurvegg. Sunnar er sjálft fjárhúsið sem er með tveimur gördum en innan við það er minna hólfið, niðurgrafið sem hefur verið hlaða. suðurveggur er að mestu hruninn en innra hólfið (það nyrðra) er greinilegast. **Fjárhúsin eru um 25 m vestan við mörk þess úttektarsvæðis sem skráð var sumarið 2019 og því ekki í stórhættu af þeim sökum.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SB-317:006 frásögn útihús

575355 616136

Útihús var, samkvæmt Marteini Steingrímssyni, neðan við bæinn 001 nálægt norðvesturenda bæjarhóls. Staðurinn var fyrir utan það svæði sem kannað var vegna deiliskipulags sunnan við Þorvaldsstaðatún 2019 og því ekki skoðaður aftur þá. Sléttadur bæjarhóll. Engin ummerki sjást nú um húsið. **Húsið hefur staðið vel utan marka þess deiliskipulagsreits sem kannaður var sumarið 2019 og var staðsetning þess því ekki rannsökuð aftur þá.**

SP-317:007 garðlag túngarður

575453 616136

Leifar túngarðs sjást enn á Þorvaldsstöðum.

Upphaflega hefur garðurinn að öllum líkindum legið umhverfis túnið nema þar sem Þorvaldsstaðaá hefur markað af túnið á kafla norðvestast og suðvestast. Garðlagið er illgreinanlegt í sléttuðu túni. Þegar svæðið var skráð í júlí 2019 var illmögulegt að rekja garðinn á jörðu niðri sökum þess að allt svæðið var á kafi í háu grasi.

Garðurinn virðist hafa markað af tún sem voru um 210 x 140 m stór og snéru norður-suður. Víðast hefur verið sléttað yfir garðinn þótt hann megi enn greina á þeim tíma



Túngarður 317:007. Mörk hans eru teikning garðsins á loftmynd byggir á vettvangsúttekt, yfirferð yfir eldri loftmyndir og drónamyndir

ársins sem túnin eru ekki á kafi í gróðri en betur sést hann þó á loftmyndum. Vestan við tún er garðurinn merkjanlegur á 170 m kafla en endar til norðurs og suðurs við Þorvaldsstaðaá. Norðurhlíð túnsins er mörkuð af óljósum garði sem liggur til austurs frá Þorvaldsstaðaá og í um 100 m áður en hann beygir í næstu m 90° og liggur til suðurs meðfram austurhlíð túnanna í um 90 m áður en hann verður alveg óljós. Öll eru þessi ummerki óljós og næstum ógreinileg um hásumar en betur greinileg á öðrum árstíma og af loftmyndum. Garðurinn er vísast um 2 m á breidd en 0,2 m á hæð (þar sem hann hefur verið sléttaður) en suðvestast, við lækinn má greina stuttan garðspotta þar sem ekki hefur verið sléttað yfir og þar er hann 0,6 m á hæð. Suðurhluti austurhlíðar túngarðs



Skámynd af túninu á Þorvaldsstöðum sem Árni Einarsson náttúrufræðignur tók árið 2006. Á henni má sjá marka fyrir túngarðinum í túnjaðri umhverfis stærstan hluta túnsins.

hefur náð örlítið inn á deiliskipulagsreitinn sem tekinn var út 2019 en hann er orðinn nær alveg ógreinilegur á þessu svæði og því erfitt að rekja hann nákvæmlega innan þess. Við skráningu 2019 var garðurinn skoðaður á vettvangi en sökum þess hversu há grasvöxtur var á öllu svæðinu reyndist torvelt að rekja hann af jörðu niðri. Hann var því teiknaður upp í landupplýsingakerfi með aðstoð loftmynda.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-317:008 tóft útihús

575365 616022

Um 45 m suðvestan við bæ 001 og 10-15 m norðaustan við vesturhlið túngarðsins 007 er útihústóft og óljós ummerki í grenndinni sem kunna að vera um fleiri kofa á þessum slóðum. Tóftin er í sléttuðu túni sem er nú í órækt.

Tóftin er mjög óskýr, að miklu leyti hlaupin í þúfur og er byrjuð að blása upp. Hún er 7 X 6 m að stærð, einföld og opin til suðurs. Fast suðaustan við hana er svæði sem stendur örlítið herra en umhverfið og mögulegt að þar séu mannvistarleifar undir sverði. Um 8 m norðvestan við hana

er einnig óljós ummerki sem gætu verið vísbending um mannvistarleifar (mögulega útihúskofa) í túninu. **Umræddar minjar eru vel utan við deiliskráningarreitinn sem skráður var sumarið 2019 og voru því ekki skráðar sérstaklega í tengslum við þá úttekt og teljast ekki í stórhættu af þeim sökum.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SB-317:009 gerði óþekkt hlutverk 575441 615950

Greinilegt gerði er fast austan við Þorvaldsstaðaá, tæpum 100 m sunnan við bæjarþúst 001 á Þorvaldsstöðum en 50 m norðan við göngubrú á ánni. **Gerðið er um 20 m vestan við suðvesturhorn deiliskipulagsreitsins sunnan Þorvaldsstaðatúns sem tekinn var út sumarið 2019 og 15 m helgunarsvæði þess er því utan við deiliskipulagsmörk og mannvirkið því ekki í stórhættu af þeim sökum.** Mannvirkið virðist ekki fornt og það gæti verið frá seinni hluta 19. aldar eða fyrri hluta þeirrar 20., þótt frekari rannsóknir þurfi til að staðfesta aldur þess. Gerðið er í flötum en þýfðum móa sem gengur til austurs frá Þorvaldsstaðaá, sunnan við túnin á Þorvaldsstöðum.

Gerðið er torfhlaðið og 15-16 x 7 m stórt. Það breikkar eftir því sem sunnar dregur og er suðurendi þess um 12 m breiður. Skörp horn er á gerðinu. Það er að mestu vaxið grasi en innan þess og sum staðar umhverfis vex víðir og lyng. Veggir gerðisins eru grasi grónir. Norður-, suður- og austurveggir eru 1,2-1,4 m á breidd en 0,6 m á hæð en vesturveggurinn, sá sem er samhliða Þorvaldsstaðaá er um 20 cm lægri, mjórri og óverulegri. Op eru á austurvegg miðjum og suðurvegg miðjum. Óverulegt op er á vesturvegg út í lækinn og má vera að þarna hafi vatni verið hleypt úr mannvirkinu og í á. Garðlag liggur frá Þorvaldsstaðaá nokkru sunnar, sjá 010 og má vera að það tengist mannvirkinu. Ekki er vitað hvaða hlutverki gerðið gegndi en ekki getur það talist líklegt skepnuaðhald. Hugsanlegt er að þarna hafi verið kálgarður af einhverri tegund. En ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið gerður lítill sundpollur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SB-317:010 garðlag óþekkt 575441 615950

Greinilegt, línulegt mannvirki liggur frá Þorvaldsstaðaá. Það er um 20 m norðan við þar sem göngubrú 015 liggur yfir lækinn og liggur í tæpa 40 m, í svolítinn boga til norðurs. **Garðurinn er um 30 m sunnan við suðurmörk þess deiliskráningarreits sem skráður var sunna við Þorvaldsstaði sumarið 2019 og telst því ekki í stórhættu af þeim sökum.**

Garðlagið liggur frá Þorvaldsstaðaá og í boga um stórþýfðan móa sem er sunnan við

Þorvaldsstaðatún en verður ógreinilegri þegar sunnar dregur. Suðurendi garðlagsins verður ógreinilegri nærri læknum en þar hefur verið rask vegna lagnar.

Garðlagið er óljóst á kafla og dæld er í því miðju. Garðurinn er greinilegur á 40-50 m kafla og endar nærri 009 en hefur líklega verið lengri áður þótt nú sé erfitt að greina hann í stórþýfinu. Milli garðs og gerðis 009 eru tveir óljósir garðstubbar sem gætu hafa markað hól. Aðalgarðurinn heldur áfram framhjá gerði 009 og hefur þar mögulega beygt í 90 ° og haldið áfram til norðurs í átt að Þorvaldsstaðatúni. Garðurinn er um 1,5 m á breidd en 0,5 m á hæð. Greinileg dæld eða pæla er við garðinn. Hún er um 0,4 m á dýpt og 0,5 m á breidd. Ekki er ljóst hvort garðurinn hefur verið byggður sem e.k. aðhald eða hvort hann er merki um einhvers konar vatns eða áveitu.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-317:011 tóft óþekkt hlutverk

575454 615982

Sigin og ógreinilegt tóft er á flatanum sunnan við Þorvaldsstaðatún en vestan við mel sem nú er gróinn lúpínu. Tóftin er 60-70 m sunnan við áætlaða staðsetningu Þorvaldsstaðabæjar 001 en um 16 m austan við Þorvaldsstaðaá. Hún er um 8 m vestan við suðvesturhorn þess deiliskipulagsreits sem tekinn var út sunnan við túnin á Þorvaldsstöðum 2019 og deiliskipulagssvæðið nær því inn á helgunarsvæði tóftarinnar (sem er 15 m frá ystu mörkum hennar). Gerðið er í flötum en stórþýfðum móa sem gengur til austurs frá Þorvaldsstaðaá, sunnan við túnin á Þorvaldsstöðum.

Tóftin er um 16,5 x 13,5 m stór og virðist hafa skipst í þrjú hól. Veggir eru lyngivaxnir en gras vex innan í tóftinni. Veggir eru aðeins 0,1-0,2 m á hæð en allt að 1,5 m á breidd. Veggir falla að nokkru saman við stórþýfið umhverfis en þá mó þó vel greina, nema norðvesturvegginn. Í tóftinni austanverðri virðast tvö hól (I og II) og er hugsanlegt að op hafi verið á milli vestarlega á veggnum sem skiptir svæðinu. Syðra hólfið er minna eða 2-3 m á kant. Suðurendi suðurhólfsins I



Uppmæling á þústi SP-317:011 til vinstri en á henni sést að hún er fast utan við deiliskipulagsmörk. Á ljósmynd til hægri er horft til suðurs yfir þústinu.

er óljós er mögulegt að þar hafi líka verið op. Nyrðra hólfíð II, er 5,2 x 2.9 m að innanmáli. Op hefur líklega verið úr því yfir í hólf III allra nyrst á vesturvegg. Hólf III er stærsta hólfíð í tóftinni, 9 x 4 m að stærð. Suðurveggur þess er alveg óskýr og ytri brún



Tóft SP-317:011, horft til SSV

vesturveggjar er einnig talsvert óskýr á köflum og mögulegt að þar hafi verið rof sem gróið hafi upp. Sunnan við tóftina er lítil upphækkun, um 1 m í þvermál og stendur hún nokkru hærrí en móinn í kring. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin kann að hafa gegnt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-317:012 tóft óþekkt hlutverk

575467 616044

Greinileg tóft og óljós ummerki um mögulegar tóftir á tveimur stöðum nærri eru innan við 50 m frá áætlaðri staðsetningu bæjarins á Þorvaldsstöðum 001, skammt suðaustan við túnið á Þorvaldsstöðum. Tóftirnar eru við brekkurætur á mel sem tekur þar við austar. Þær eru innan marka



Tóft SP-317_012_01 til vinstri en tóft 02 til hægri.

deiliskipulagsreits sunnan við Þorvaldsstaði sem tekinn var út sumarið 2019. Í brekku sem hallar til norðvesturs. Svæðið er vaxið lyngi og kjarri en ofar er það á kafi í lúpínu. Girðing á mörkum Þorvaldsstaðatúns er fast vestan við þústirnar. Fast utan við tóftina eru lúpínubreiður og nær hún á köflum alveg að tóftunum.



Tóft SP-317:012_03

Undir þessu númeri eru skráðar þústir á þremur stöðum og hafa mögulega verið þarna þrjár litlar tóftir þótt þær séu að verða óskýrar. Svæðið er 30 x 17 m stórt. Miðsvæðis er þúst eða tóft sem virðist sæmilega afgerandi og fær númerið 01. Tóftin snýr austur-vestur og er 7-8 x 5 m stór. Hún er einföld og ekki er merkjanlegt op á henni. Tóftin er vaxin mosa og lyngi og örlitlu grasi. Hún er í aflíðandi halla. Rof er í austurgafli tóftar en hugsanlegt er að op hafi verið á vesturgafli þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Veggir eru svolítið úr lagi gengnir en allt að 0,5 m á hæð. Um 1,5 m sunnan við tóft 01 er þúst 02. Hún er óljósari en 01 og ekki er greinilegur vesturveggur. Þústin virðist hafa verið



Uppmæling á tóftum SP-317:012_01-03.

einföld. Gróflega áætlað er hún nú 5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður en hún kann að hafa verið stærri áður. Þúst 03 er spottakorn norðar og eru 15 m á milli hennar og tóftar 01. Þúst 03 er vart meira en niðurgroftur eða stallur í brekkuna en virðist þó mannaverk. Í horni hennar er birkitré. Þústin er 5-6 x 5-6 m stór. Ytra byrði veggja er óljóst en mögulegt að op hafi verið sunnarlega á vesturhlið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SP-317:013 gerði óþekkt

575458 616021

Óljóst gerði er fast suðaustan við túnin á Þorvaldsstöðum, á flatanum milli Þorvaldsstaðaár og mels norðaustar. Á þessum stað eru skráð saman þrjú mannvirki og eru tvö þeirra 01 og 02 innan marka þess deiliskipulagsreits sem tekinn var út sumarið 2019 sunnan Þorvaldsstaða, en sá þriðji 03 fast utan markanna.

Á flata sem markast af Þorvaldsstaðaá að vestan en mel að austan. Svæðið er vaxið lyngi og kjarri en ofar er það á kafi í lúpínu. Girðing er fast norðan við. Dæld (sem gæti verið gönguleið) liggur í gegnum móanna á þessum slóðum og fer hún í gegnum gerði 01 og þúst 03.



Uppmælingar af minjastað SP-317:013

Á þessum stað eru þrjú mannvirki sem hér eru skráð saman undir einu númeri (undirnúmer 01, 02




Minjastaður SP-317:013, horft til SSA

og 03). Svæðið er 20 x 14 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Gerðið er á kafi í grasi og svolítið illgreinanlegt af þeim sökum. Það er 10,5 x 7,5 m að stórt og er ferhyrnt. Veggirnir eru aðeins 0,8 m á breidd og víða 0,3 m á hæð. Í einu horni gerðisins eru 2-3 stórir steinar en ekki er ljóst hvert sambengi þeirra er. Gerðið gæti verið frá 19. eða 20. öld væri þá hugsanlega verið kálgarður en um það verður ekki fullyrt að sinni. Hryggur eða garður 03 gengur í framhaldi af gerði 01 til SSV. Garðhleðslan er hærri en gerðið og er garðurinn tæplega 9 m langur en um 0,6 m á hæð en 1,2 m á breidd og er grasi gróinn. Hann liggur frá gerðinu og hverfur í gróður skammt sunnar. Hugsanlegt er að hryggurinn hafi verið hluti af túngarði Þorvaldsstaða sem er annars skráð undir númerinu 007 en var illgreinanlegur á þessum slóðum í júlí 2019 þegar svæðið var skráð, sökum gróðurs. Fast ofan við norðvesturhorn gerðisins 01 er óljóst þúst 03. Þústin er mjög óljós en virðist einföld og um 6 m í þvermál. Veggir hennar eru um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð en hverfa í þúfur og gras á köflum

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Óverulegt mannvirki, lítil hleðsla, eða grjótdreif er um 40 m austan við áætlaða staðsetningu Þorvaldsstaðabæjar 001. Girðing sem markar af tún Þorvaldsstaða liggur yfir hleðsluna. Hleðslan er innan marka þess deiliskipulagsreits sem tekinn var út sumarið 2019.

Umhverfis er grasi gróið svæði en göngustígur liggur meðfram túninu skammt austan girðingar.



Uppmælingar af minjastað SP-317:014

Óveruleg grjótdreif eða hleðsla. Hún er hálfmánalaga og um 4 m í þvermál. Hleðslan er að mestu innan túns en einhverjir steinar eru þó utan við túngirðinguna. Ekki virðist um eiginlegt mannvirki að ræða en grjótið hefur greinilega verið sett saman á þessum stað. Grjótið er fremur stórt og



Uppmælingar af minjastað SP-317:014, horfti niður

mosavaxið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjótdreifin/-hleðslan var gerð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

SB-317:015 brú

575458 615897

Göngubrú er nú yfir Þorvaldsstaðaá um 180 m sunnan við Þorvaldsstaðabæ 001. Undir brúnni og beggja vegna hennar má sjá nokkuð veglegar brúarhleðslur á árbakkanum og virðast þær hafa tengst umfangsmeiri brú á þessum slóðum. Ekki er vitað hvenær sú brú kann að hafa verið byggð en ekki var merktur vegur á þessum slóðum inn á herforingjaráðskort frá 1931. Á korti bandaríska hersins frá 1949 virðist hins vegar slóði eða vegur á þessum slóðum og koma þarna saman tveir slóðar samkvæmt kortinu, annars vegar slóði sem legið hefur upp frá þjóðveg og meðfram Þorvaldsstaðaá að norðanverðu og svo yfir brú á ánni á sömu/svipuðum slóðum og hins vegar slóði sem hefur legið frá Þorvaldsstöðu og til suðurs sem einnig fer yfir ána á sama stað. Á loftmynd frá 1974 virðist enn bílfær vegur á þessum slóðum. Líklegast virðist því að vegurinn hafi verið gerður á tímabilinu 1931-1949. Hann telst því ekki til fornleifa samkvæmt laganna skilningi en brúarhleðslan er gerð með hefðbundinni aðferð og fær því að fljóta með í fornleifaskrá þótt rétt sé að taka fram að ekki njóti hún lögbundinnar verndunar skv. laganna skilningu. Brúarhleðslan er um 90 m sunnan við mörk deiliskráningarreits og telst því ekki í hættum af framkvæmdum innan hans heldur fremur í almennri hættu þar sem hún er innan golfvallar.

Þorvaldsá er lygn og bakkar hennar á köflum lyngi vaxinn mói en þar hefur lúpína einnig talsvert breitt úr sér á undanförunum árum.

Greinileg hleðsla er beggja vegna árbakkann. Hún er 2-3 m breið og er mest 3-4 umför. Hún er 1,2 m á hæð. Göngubrúin er sunnarlega á hleðslunni en beggja vegna við hana eru nokkrir fúnir timburstaurar sem liggja yfir ána. **Hleðslan er nokkurn spöl utan við mörk deiliskráningarreitsins sem kannaður var sumarið 2019 og er því ekki í stórhættu vegna þeirra framkvæmda sem ráðgerðar eru innan hans.**

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 1931, blað 72 og AMS kort frá 1949

SB-317:016 þúst óþekkt hlutverk

575444 615973

Óljós þúst er fast norðan við gerði 009. Þústin er fast austan við Þorvaldsstaðaá en um 90 m sunnan við áætlaða staðsetningu Þorvaldsstaðabæjar 001. **Þústin er um 20 m suðvestan við suðvesturhorn deiliskráningarreitsins sem tekinn var út sunnan við Þorvaldsstaðatún 2019 og telst því ekki í stórhættu vegna framkvæmda innan hans heldur í almennri hættu vegna mögulegra framkvæmda á svæðinu.** Þústin er í stórþýfðan móa sem er sunnan við

Þorvaldsstaðatún, við Þorvaldsstaðalæk.

Þústin er á mörkum þess að geta talist sannfærandi mannvirki og er við það að hverfa í stórþýfi. Þó virðist mega greina fyrir afar óljósu mannvirki, hring- eða sporöskjulaga og sést það aðeins betur á loftmyndum sem teknar voru með dróna við skráninguna. Það virðist 9-10 x 8-9 m stórt og innanmál þess gæti verið 4-5 m. Veggir eru alveg 1,5-2 m á breidd. Hluti innanmáls er nokkuð skýrt eða norðvestur- og suðausturhorn. Ekki er greinilegt op á því. Svæðið er lyngivaxið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

SP-317:017 heimild óþekkt hlutverk

575589 616020

Á loftmynd í eigu Landmælinga Íslands frá 1974 virðist mega greina óljósa tóft eða gerði um 180



Lofmynd frá 1974 þar sem óljós ummerki um tóft/gerði SP-317:015 sjást til vinstri. Til hægri hefur gróflega áætluð stærð gerðis verið færð inn á loftmynd af svæðinu eins og það er nú

m austan við Þorvaldsstaði 001. Samkvæmt loftmyndinni mætti ætla að meint gerði hefði verið á suðurmörkum deiliskipulagsreits. Það sást ekki þegar svæðið var skoðað vegna úttekta á deiliskipulagsreit í júlí 2019. Á þessum slóðum er mói en þar er nú kominn talsverður trjávöxtur auk þess sem lúpína er talsvert farin að dreifa sér um svæðið. Talsvert af slóðum liggur yfir svæðið. Samkvæmt loftmyndinni frá 1974 virðist mega greina óljóst mannvirki, 13 x 9 m stórt og virðist það hafa snúið norður-suður en suðurhliðin er ógreinileg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Loftmynd LMÍ 1974

SP-317:018 heimild um tún

575402 615987

Beðasléttur virðast hafa verið allra syðst í heimatúni Þorvaldsstaða. Þær sjást vel á loftmynd sem Árni Einarsson tók af svæðinu 8. maí 2006 en voru illmerkjanlegar á jörðu niðri í júlí 2019 þegar deiliskipulagsreitur skammt sunnan Þorvaldsstaða var skráður. Beðasléttur hafa verið um 50 m sunnan við bæ 001. **Þær hafa verið um 50 m vestan við mörk deiliskipulagsreits og eru því ekki í stórhættu af framkvæmdum þeim sem ráðgerðar eru innan hans.** Af loftmyndinni að dæma hafa beðsléttur verið a.m.k. þrjár talsins. Ekki sáust greinileg ummerki um sléttur um hásumar þegar svæðið var skráð 2019.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Árni Einarsson, loftmynd tekin 8. maí 2006, nr. MG_6233

5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Stiklað á stóru um sögu Þorvaldsstaða

Þorvaldsstaðir byggjast úr landi höfuðbólsins Húsavíkur og hefur það landsvæði sem jörðinni tilheyrði upphaflega verið úthagar Húsavíkurjarðarinnar. Ekki er ljóst hvenær Þorvaldsstaðir byggjast fyrst en þeirra er fyrst getið, svo vitað sé, í máldaga Húsavíkurkirkju frá 1461 og er jörðin þá eign kirkjunnar.² Ekki er jarðarinnar víða getið í heimildum framan af en í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 kemur fram að jörðin sé um þær mundir eyðihjáleiga sem byggst hafi fyrir manna minni en þá legið í eyði í um 15 ár. Þeir félagar telja þó að aftur megi þar byggja „ef fólk til fengist“.³ Ekki er dýrleika jarðarinnar getið í Jarðabókinni en í Jarðabók Johnsens frá 1847 kemur fram að sýslumaður hafi árið 1805 talið hjáleiguna vera 5 hdr. og metið þar eitt kúgildi. Af því má sjá að Þorvaldsstaðir voru smábýli og dýrleiki hennar langt undir meðaldýrleika á þessu svæði (sem gjarnan var um 20 hdr). Með það í huga kemur e.t.v. ekki á óvart að ábúð á jörðinni hafi verið óstöðug í gegnum aldirnar.

Nokkuð er fjallað um jörðina og ábendur hennar á fyrri öldum í *Sögu Húsavíkur* og vísast til umfjöllunar þar um ábúendur Þorvaldsstaða og sögu en í stuttu máli sagt virðist býlið lengst af í byggð á 18. og 19. öld þótt það sé í eyði einhver ár. Þar var búið allt fram til 1936 en síðasti ábúandinn á Þorvaldsstöðum var Sigfús Friðbjarnarson sem þangað kom 1928 og bjó til 1936. Þrátt fyrir að jörðin færi í eyði 1936 hélt Sigfús áfram að halda fé á jörðinni og gekk þá á beitarhús í heimatúninu frá heimili sínu í þorpinu. Þannig hélt sauðabúskapur áfram á Þorvaldsstöðum fram eftir öldinni en Sigfús lést árið 1974.⁴

Landshættir á úttektarsvæði

Deiliskipulagsreiturinn sem tekinn var út sumarið 2019 er skammt sunnan við syðstu byggðir Húsavíkur en austan og sunnan við er golfvöllur Húsvíkinga. Að vestan nær reiturinn inn í austurenda heimatúna Þorvaldsstaða sem nú eru á kafi í grasi og í órækt. Vestar nær hann yfir lyngivaxinn og þýfðan flata og þá mela og sund þar á milli. Á stærstum hluta svæðisins voru áður fremur berangurslegir melar en nú er trjá- og lúpínugróður búinn að breiða úr sér á talsverðum hluta svæðisins. Þegar svæðið var skráð í júlímánuði var gróður í hámarki og yfirferð um svæðið

² DI V, 273

³ JÁM XI, 257.

⁴ Saga Húsavíkur I, 81-85



Nokkrar yfirlitsmyndir sem sýna landslag og gróðurfar innan úttektarsvæðis.

Því nokkuð erfið og kom það nokkuð niður á yfirsýn yfir svæðið. Þó var leitast við að ganga um allt svæðið eins og hægt var og fannst talsverður fjöldi fornleifa við úttektina þótt ekki sé að útiloka að einhverjar minjar gætu leynst undir lúpínubreiðunni eða í þéttum trjágróðri á svæðinu.

Deiliskipulagsreiturinn er sem fyrr segir í jaðri og rétt fyrir utan heimatún Þorvaldsstaða. Engin hús eða mannvirki standa nú á svæðinu en götuslóðar og göngustígar liggja yfir það og vírgirðing afmarkar gamla Þorvaldsstaðatúnið.

Varðandi mögulega landnýtingu þessa svæðis á fyrri öldum má ætla að þar hafi fé verið beitt að hluta, a.m.k. í högunum sem eru næst heimatúninu en ólíklegt er að melarnir hafi mikið verið nýttir mikið. Af eldri kortum og loftmyndum að dæma virðist talsvert af götum hafa legið um svæðið og skammt utan þess á 20. öldinni (sem þó teljast ekki til fornleifa). Innan svæðis og skammt utan þess fundust hins vegar talsvert af fornleifum sem ekki er getið í heimildum og verður í næsta kafla fjallað um þær.

6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Samtals voru sjö minjastaðir og 11 minjaeiningar skráðar innan eða við jaðar deiliskipulagsreits. Athygli vekur að nær allar eru minjarnar í vesturjaðri deiliskipulagsreitsins og ef unnt væri að færa vesturmörk þess spottakorn til austurs gæti það tryggt að engar fornleifar væru innan marka reitsins, ef frá er talið mögulegt gerði sem greint var á loftmynd frá 8. ártugnum í suðurjaðri deiliskipulagsreitsins.

Af þeim minjum sem fundust innan deiliskipulagsreitsins má fyrst nefna minjar í austurjaðri túna á Þorvaldsstöðum. Vesturmörk reitsins liggja í jaðri bæjarhóls 001 en þó nokkurn spöl frá háhólnum og ummerkjum um sjálfan bæinn 317:001 og útihúsi 317:005. Túngarðurinn 317:007, sem umlukti túnið á Þorvaldsstöðum og m.a. hefur markað austurmörk túnsins, hefur einnig að hluta til legið innan skipulagsmarka, skammt austan við vesturmörk deiliskipulags. Raunar var aðeins hægt að rekja garðinn stuttan spöl innan deiliskipulags enda svæðið á kafi í háum gróðri en ljóst er að hann hefur legið áfram til suðurs innan svæðis og því nokkur hluti hans innan deiliskipulagsreits. Þrjár umfangslitlar og einfaldar þústir/tóftir 317:012_01-03 voru í melnum utan við tún en innan deiliskipulagsreits. Þústirnar eru fremur óskýrar en hafa líklegast verið einfaldir kofar af einhverri gerð. Skammt sunnan við syðstu tóftina eru fleiri fornleifar. Þar má fyrst nefna hálfhringlaga grjóthleðslu eða steinadreif í túnjaðri Þorvaldsstaða 317:014. Ekkert er vitað um aldur eða hlutverk þessara mannaverka. Þar nærri er afgerandi ferhyrnt torfhlaðið gerði 317:013_01 og óljós þúst fast norðan þess 317:013_02. Að auki gengur hryggur til suðvesturs frá gerðinu 317:013_03 og er mögulegt að þar sjáist móta fyrir áðurgreindum túngarði. Nokkru sunnar er enn sigin tóft 317:011. Hún er í raun utan við mörk deiliskipulagsreitsins en reiturinn nær inn á helgunarsvæði hennar og því fjallað um hana hér. Tóftin virðist hafa skipst í 2-3 hólf en ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gengt þótt e.t.v. sé líklegast að hún hafi verið útihús af einhverri tegund. Að lokum má nefna að af loftmynd sem tekin var af svæðinu 1974 virðist hægt að greina óljóst gerði eða þúst nokkru austar, nærri suðurjaðri úttektarsvæðis. Ekki sáust greinileg ummerki um þústina á vettvangi en sem fyrr segir byrgði gróður nokkuð yfirsýn.

Allar ofangreindar tóftir voru metnar í stórhættu vegna framkvæmdanna. Þekktar eru nokkrar minjar til viðbótar sem eru fjær deiliskráningarsvæðinu en svo að þeim ætti að vera bein hætta búin vegna framkvæmdanna. Þær voru því aðeins flokkaðar í almennri hættu vegna framkvæmda á svæðinu og nálægðar við þéttbýli. Upplýsingar um þessar minjar fylgja með í fornleifaskrá (einkennt með ljósgráu lettri) og á minjakorti en þar sem þær eru utan deiliskipulagsmarka er ekki fjallað um þær sérstaklega í þessum kafla.

Ljóst er að engar minjar eru þekktar innan stórs hluta skipulagsreitsins en jafnframt að vesturjaðar hans nær inn á svæði þar sem talsvert er af fornleifum og að einfaldast gæti verið að

tryggja að rask verði ekki á þeim hluta svæðisins. Frekara skipulag og framkvæmd byggingaáforma er nauðsynlegt að vinna í samstarfi við Minjastofnun Íslands sem mun gefa fyrirmæli um það hvort og þá hugsanlega með hvaða mótvægisáðgerðum minjar megi víkja ef þurfa þykir.

Heimildaskrá

DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Elin Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning á Húsavík*. Fjölrit Fornleifastofnunar: FS166-01171. Reykjavík.

ÍFI: Íslensk fornrit I-, 1933. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

JJ/Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkestölu í breppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III: Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 1943. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Jóhann Hermannsson og Sigurjón Jóhannesson. *Kortabók – Húsavíkurland: Örnefni og söguminjar*. Safnahúsið á Húsavík, Húsavík, 1994.

LÞ I: Jón Sigurðsson. *Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla*. Helgafell, Reykjavík, 1954.

SH I: Karl Kristjánsson. *Saga Húsavíkur*. I bindi. Húsavíkurkaupstaður, 1981.

SSÞ: Þingeyjarsýslur. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Reykjavík, 1994.

Sturl: *Sturlunga saga*, Örnólfur Thorsson ritstj., Reykjavík 1988.

Óútgefið efni:

Ö-Húsavík og Bakkaland ath. og viðb: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Þráinn Magnússon skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússona í íslenskum fræðum.

Ö-Húsavík og Bakkaland NN: Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. [Án skrásetjara]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússona í íslenskum fræðum.

Ö-Húsavík og Bakkaland: Örnefnaskrá Húsavíkur og Bakkalands. Björn H. Jónsson endursamdi skrá Ara Gíslasonar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússona í íslenskum fræðum.

Loftmyndagögn:

Skámynd Árna Einarssonar af túninu á Þorvaldsstöðum frá 2006.

Loftmynd af Húsavík og nágrenni tekin 14. júlí 1974, í eigu Landmælinga Íslands. Númer LMI-Kort-D13-D-4902

Loftmynd: frá Loftmyndum ehf. september 2019.

HNITASKRÁ Á ISN93 FORMATI

Samtala	X	Y
Sp-317:001	575396	616079
Sp-317:002	575866	615496
Sp-317:003	575612	616639
Sp-317:004	574786	615674
Sp-317:005	575419	616100
Sp-317:006	575355	616136
Sp-317:007	575453	616097
Sp-317:008	575365	616022
Sp-317:009	575441	615950
Sp-317:010	575456	615951
Sp-317:011	575454	615982
Sp-317:012_01	575467	616044
Sp-317:012_02	575468	616039
Sp-317:012_03	575474	616062
Sp-317:013_01	575458	616021
Sp-317:013_02	575456	616022
Sp-317:013_03	575453	616014
Sp-317:014	575458	616048
Sp-317:015	575458	615897
Sp-317:016	575444	615973
Sp-317:017	575589	616020
Sp-317:018	575402	615987

MINJAKORT

